

# Sjálfbærniskýrsla Hölds 2024



## Ávarp forstjóra

Höldur ehf var stofnað árið 1974 og fagnaði 50 ára afmæli á árinu 2024. Í hálfra öld hefur fyrirtækið starfað á íslenskum bílaleigu- og bílgreinamarkaði og boðið upp á mikilvægan valkost í samgöngum fyrir ferðamenn, fyrirtæki og almenning. Með fjölbreyttu úrvali ökutækja og traustu þjónustuneti hringinn í kringum landið stuðlum við að öruggum og aðgengilegum samgöngum um allt land. Fyrirtækið hefur vaxið og þróast í takt við tímann, en grunnildi þess hafa haldist óbreytt. Við leggjum áherslu á persónulega og sveigjanlega þjónustu, byggða á heiðarleika, trausti og fagmennsku – þjónustu sem styður við atvinnulíf, ferðaþjónustu og samfélagið í heild.

Við hjá Höldi leggjum ríka áherslu á virðingu og umhyggju fyrir umhverfinu, náttúru landsins og samfélaginu öllu. Með útgáfu þessarar sjálfbæriskýrslu veitum við innsýn í stöðu og þróun umhverfis-, félagslegra og stjórnarháttatengdra þátta í starfsemi okkar.

Árið 2024 var ár markverðra framfara í sjálfbærni hjá Höldi. Við náðum verulegum árangri í loftslagsmálum á árinu með 25,6% samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda í rekstri félagsins. Áhersla og markmið í minnkun úrgangs og aukna endurvinnslu undanfarin ár hefur skilað sér og á árinu náðum við í fyrsta sinn yfir 90% endurvinnsluhlutfalli. Þá dróst losun vegna eigin aksturs saman um 24% með bættri flotastýringu og þannig náðum við markmiði okkar um lækkun á losunarkræfni ökutækjaflotans. Í árslok átti fyrirtækið um 680 rafmagnsbíla sem styðja við orkuskipti og samdrátt í losun og við héldum áfram uppbyggingu á innviðum fyrir rafhleðslu og styrktum tengingar á starfsstöðvum okkar. Við tókum virkan þátt í samfélagsverkefnum og leggjum okkur fram um að hafa jákvæð áhrif, meðal annars með stuðningi við íþróttá- og menningarstarf sem á sér engan líka.

Starfsfólk Hölds er ein mikilvægasta auðlind félagsins en hjá okkur starfa tæplega 300 einstaklingar af 16 þjóðernum sem skapa kraftmikinn, jákvæðan og samheldin vinnustað þar sem jafnrétti, umhyggja og jöfn tækifæri til starfsþróunar eru í forgrunni.

Á árinu 2024 mótuðum við og uppfærðum lykilstefnur sem styðja við sjálfbærnistefnu Hölds og styrkja innviði félagsins til framtíðar. Þar má nefna uppfærða mannauðs- og mannréttindastefnu, sem staðfestir skuldbindingu okkar til jafnréttis, virðingar og sanngjarnra starfskjara. Þá birtum við nýja skattastefnu, sem byggir á gagnsæi, ábyrgri skattskilum og virðingu fyrir lögum og reglum auk samkeppnisstefnu, stefnu gegn mútum og spillingu, sem og nýrra siðareglna Hölds. Þessi stefnumótun er hluti af víðtækri innleiðingu á sjálfbærum stjórnarháttum og endurspeglar framtíðarsýn okkar um ábyrgt og réttlátt fyrirtæki.

Þessi verkefni endurspeglar víðtæka nálgun okkar á sjálfbærni – þar sem loftslagsmál, félagsleg ábyrgð og samfélagsstuðningur fara saman.

Steingrímur Birgisson.



## Stefna um sjálfbæra þróun og samfélagslega ábyrgð

Sjálfbær þróun er þróun sem mætir þörfum nútímans án þess að skerða möguleika komandi kynslóða á að mæta þörfum sínum.

Höldur ehf. leggur áherslu á að starfsemin sé í sátt við samfélagið og umhverfið í heild. Fyrirtækið leggur sig fram við að leita stöðugt leiða til umbóta í átt að sjálfbærni og vill þannig axla ábyrgð á þeim áhrifum sem rekstur fyrirtækisins hefur. Með það að leiðarljósi greinir fyrirtækið áhrif sín á umhverfið, félagslega þætti og stjórnarhætti og vinnur að því að draga úr neikvæðum áhrifum og auka þau jákvæðu áhrif sem reksturinn hefur á innra og ytra umhverfi sitt.

Fyrirtækið leggur ekki aðeins áherslu að auka sjálfbærni í sinni kjarnastarfsemi heldur vill fyrirtækið leggja sitt af mörkum til að auka sjálfbærni í samfélaginu í heild, m.a. með því að vera leiðandi í orkuskiptum í samgöngum á landi.

## Umhverfisþættir

Höldur leggur áherslu á ábyrga nýtingu auðlinda og lágmörkun úrgangs og losun gróðurhúsalofttegunda. Fyrirtækið vinnur að stöðugum umbótum í umhverfismálum til að lágmarka umhverfisáhrif af rekstri fyrirtækisins.

- Höldur setur sér árleg markmið um hlutfallslega aukningu hreinorkubíla í bílaflota sínum.
- Höldur flokkar úrgang og spilliefni sem til falla hjá fyrirtækinu.
- Höldur stuðlar að aukinni umhverfisvitund starfsfólks.
- Starfsfólk Hölds vinnur að landgræðslu með árlegri gróðursetningu.



## Félagslegir þættir

Höldur kappkostar að vera framúrskarandi vinnustaður þar sem umhyggja er borin fyrir sérhverjum starfsmanni. Með áherslu á jafnrétti, jafna möguleika til starfsþróunar og uppbyggilega fyrirtækjamenningu er skapaður eftirsóknarverður og samheldinn vinnustaður. Starfsfólk, þekking þeirra, færni og reynsla er verðmætasti auður félagsins. Fyrirtækið er með höfuðstöðvar sínar á Akureyri og starfsemi um land allt og mun áfram bjóða uppá starfstækifæri á landsbyggðinni og styðja við nærumhverfi sitt.

- Höldur sýnir samfélagslega ábyrgð í verki gagnvart starfsfólki, viðskiptavinum og samfélaginu í heild.
- Höldur vinnur markvisst að því að tryggja öryggi og efla heilbrigði starfsfólks.
- Höldur hafnar öllu misrétti og leggur áherslu á að allt starfsfólk búi við jöfn réttindi og tækifæri innan fyrirtækisins.
- Höldur ætlar að auka hlut kvenna innan fyrirtækisins og viðhalda launajafnrétti.
- Höldur leggur áherslu á forvarnir og öryggi í samgöngum og nýtir stafræna tækni í upplýsingagjöf til viðskiptavina.
- Höldur styður dyggilega við bakið á íþróttá- og menningarstarfi um land allt.

## Stjórnarhættir

Höldur leggur áherslu á góða stjórnarhætti sem og hagkvæma og ábyrga nýtingu fjármagns. Stjórnendur og starfsfólk skulu viðhafa gott viðskiptasiðferði gagnvart viðskiptavinum, birgjum og öðrum hagsmunaaðilum. Traust og gott orðspor er félaginu mikilvægt. Góðir viðskiptahættir, virðing og hlítning laga og reglugerða eru þau grunngildi sem verklag félagsins byggir á.

Höldur mun gefa út árlega sjálfbæriskýrslu.

Höldur ætlar að skoða samstarf við birgja með sjálfbærni i huga.

Höldur vill sýna gott fordæmi í verki með því að vera leiðandi í orkuskiptum og umhverfismálum. Höldur vill tryggja fjölbreytt störf um land allt og skapa heilbrigt starfsumhverfi sem byggir á jafnrétti, virðingu og sterkri liðsheild.

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun varða leiðina að bættum heimi. Lögð verður áhersla á að samþætta Heimsmarkmiðin við starfsemi fyrirtækisins. Kjarnamarkmið Hölds eru: Heilsa og vellíðan, Jafnrétti kynjanna, Góð atvinna og hagvöxtur, Nýsköpun og uppbygging, Ábyrg neysla og framleiðsla og Aðgerðir í loftslagsmálum.

Fyrirtækið setur sér árleg markmið sem tengjast kjarnamarkmiðunum og metur árlega árangur.



## Starfsemi Hölds

Höldur ehf. starfar á íslenskum bílaleigu- og bílgreinamarkaði og hefur verið leiðandi í greininni frá stofnun fyrirtækisins árið 1974. Kjarninn í starfsemi félagsins er Bílaleiga Akureyrar, sem þjónustar fyrirtæki, einstaklinga og erlenda ferðamenn. Stærstu leigustöðvar Bílaleigu Akureyrar eru í Keflavík og Reykjavík en öflugt net leigustöðva og umboðsmanna eru hringinn í kring landið.

Félagið rekur einnig alhliða bílaþjónustu á Akureyri með dekkjaverkstæði, bílaþvottastöð, bifreiða- og tjónaviðgerðaverkstæði, auk bílasölu með nýja og notaða bíla. Höldur er söluaðili fyrir bíla á vegum Öskju og Heklu á Norðurlandi og þjónustuaðili fyrir bílaumboðin Öskju, Heklu og BL á svæðinu. Félagið á og rekur nokkrar fasteignir sem það nýtir að mestu leyti í eigin starfsemi, en hluti þeirra er leigður út til utanaðkomandi aðila. Bílaleiga Akureyrar er umboðsaðili Europcar bílaleigukeðjunnar á Íslandi og starfar samkvæmt alþjóðlegum gæðastöðlum. Höldur skilgreinir sig sem þjónustudrifið og sveigjanlegt fyrirtæki með þarfir viðskiptavina að leiðarljósi. Lögð er

áhersla á heiðarleika, áreiðanleika og persónulega þjónustu í allri starfsemi félagsins.

Höldur rekur vottað gæða- og umhverfisstjórnunarkerfi samkvæmt ISO 9001 og ISO 14001 á sex starfsstöðvum Bílaleigu Akureyrar. Ytri vottunaraðilar framkvæma úttektir tvisvar á ári og innri úttektir eru einnig hluti af reglubundnu eftirliti.



## Umhverfið

Einstök náttúra Íslands er dýrmæt auðlind sem dregur fjölda ferðamanna hingað til lands ár hvert. Stjórnendur Hölds hafa því lagt sérstaka áherslu á umhverfismál og verndun viðkvæmrar náttúru landsins. Félagið endurskoðar árlega mat á áhrifum starfseminnar á umhverfið og viðhefur vöktun og stýringu á veigamestu umhverfispáttunum.

Megináhætta Hölds í umhverfis- og loftslagsmálum er losun gróðurhúsalofttegunda og félagið leitar því stöðugt leiða til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum og auka þau jákvæðu áhrif sem starfsemin hefur á þróun loftslags- og umhverfismála.

Lykilmælikvarðar félagsins eru orkunotkun þ.m.t. jarðefnaeldsneyti, orkuskipti bílaflotans, úrgangsmýndun og endurvinnsla, spilliefni, frárennsli, náttúra og mótvægisaðgerðir með landgræðslu og/eða gróðursetningu.



## Losun gróðurhúsalofttegunda

Losun gróðurhúsalofttegunda út frá lykilmælikvörðum umhverfisþátta félagsins veita upplýsingar um árangur, eftir umfangi 1 (bein losun), umfangi 2 og umfangi 3 (óbein losun). Í útreikningum er stuðst við leiðbeiningar og losunarstuðla frá Umhverfisstofnun útgáfa 6.0.2 (ágúst 2024). Leiðbeiningar og losunarstuðlar Umhverfisstofnunar miða að samræmingu gagna við gerð Landsskýrslu um losun gróðurhúsalofttegunda í rekstri fyrirtækja, stofnana og sveitarfélaga á Íslandi.


Við útreikninga á flugferðum starfsfólks er notuð reiknivél Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO). Gögn eru sótt beint til þjónustuaðila eða í bókhaldsgögn félagsins.

Heildarlosun gróðurhúsalofttegunda dróst saman um 25,6% á árinu og skýrist það

að mestu af samdrætti á losun í umfangi 3 sem nemur 33% en allir liðir í umfangi 3 lækka milli ára en áberandi er þó mikill samdráttur í losun vegna úrgangs. Bein losun í umfangi 1 sem er eigin eldsneytisnotkun dróst einnig saman um 24% milli ára. Stýring bílaflota félagsins hefur tekið miklum breytingum á undanföllum árum með bættri tækni og lifandi skýrslum sem leitt hefur til betri nýtingar flotans.

Losun gróðurhúsalofttegunda (umfang 1,2 og 3)	Einingar	2020	2021	2022	2023	2024
Umfang 1 - Eldsneyti	tCO <sub>2</sub> í	87,1	112,8	287,0	235,1	178,0
Heildarlosun umfang 1	tCO <sub>2</sub> í	87,1	112,8	287,0	235,1	178,0
Umfang 2 - Rafmagn	tCO <sub>2</sub> í	8,1	8,0	8,7	11,1	10,8
Umfang 2 - Heitt vatn	tCO <sub>2</sub> í	36,7	33,8	44,6	33,2	36,3
Heildarlosun umfang 2	tCO <sub>2</sub> í	44,8	41,7	53,3	44,4	47,1
Umfang 3 - Flugferðir starfsfólks	tCO <sub>2</sub> í	3,1	6,1	12,6	11,1	10,4
Umfang 3 - Úrgangur	tCO <sub>2</sub> í	167,0	104,6	141,6	104,7	59,7
- Þar af framkvæmdaúrgangur	tCO <sub>2</sub> í	102,4	44,9	60,9	48,2	1,8
Umfang 3 - Eldsneyti (notkun viðskiptavina)	tCO <sub>2</sub> í	0,0	163,4	191,6	115,1	84,2
Heildarlosun umfang 3	tCO <sub>2</sub> í	170,0	274,1	345,8	230,9	154,3
Samtals losun GHL - Kolefnisspor án bindingar	tCO <sub>2</sub> í	301,9	428,6	686,1	510,4	379,5


Heildarlosun tCO<sub>2</sub>í




# Losunarkræfni gróðurhúsalofttegunda

Losunarkræfni gróðurhúsalofttegunda						
Rekstrarlegir þættir	Einingar	2020	2021	2022	2023	2024
Heildarlosun umfanga 1,2 og 3	tCO <sub>2</sub> í	301,9	428,6	686,1	510,4	379,5
Tekjur	m.kr	5.568	8.332	13.352	15.283	15.253
Fjöldi starfsmanna / ársverk	fjöldi	202	240	260	291	291
Fjöldi ökutækja í flota í árslok	fjöldi	4.180	5.361	6.929	7.920	7.750
- Þar af Rafmagnsbílar	fjöldi	134	267	468	763	680
- Þar af Tengiltvinnbílar (Plug-in Hybrid)	fjöldi	251	634	1.274	1.278	1.143
- Þar af Tvinnbílar (Hybrid)	fjöldi	123	570	956	1.170	1.396
Orkunotkun	MWst	6667,7	6621,4	8142,4	6704,0	6845,4
Losunarkræfni						
Losunarkræfni ökutækjaflota	kgCO <sub>2</sub> í/fjöldi bifreiða	72,2	79,9	99,0	64,4	49,0
Losunarkræfni / Tekjur	kgCO <sub>2</sub> í/m.kr.	54,2	51,4	51,4	33,4	24,9
Losunarkræfni / Starfsfólks	kgCO <sub>2</sub> í/fjöldi	1.494	1.786	2.639	1.754	1.304
Losunarkræfni orku	kgCO <sub>2</sub> í/MWst	45,3	64,7	84,3	76,1	55,4

Kolefnisspor í kgCO<sub>2</sub>í/Tekjur m.kr.



Kolefnisspor í kgCO<sub>2</sub>í/ fjöldi bifreiða



## Orkunotkun

Orkunotkun Hölds felst í eldsneyti á bíla félagsins (bein orkunotkun) og rafmagns- og heitavatnsnotkun í fasteignum í notkun Hölds (óbein orkunotkun). Starfsemi félagsins er að hluta í leiguhúsnæði og í notkun fleiri aðila eða er ekki á forræði félagsins. Ekki hefur náðst utan um hlutfall orkunotkunar Hölds á þessum stöðum en meginhluti starfseminnar er í eigin húsnæði og orkunotkun og stærð fasteigna er þekkt.


Heildarorkunotkun jókst um 2,1% milli ára en þó varð 24% samdrátt í notkun jarðefnaeldsneytis sem er jákvæð þróun. Heitavatnsnotkun jókst um 9% milli ára en talsverðar sveiflur eru í húshitun vegna áhrifa ytri þátta eins og veðurs. Raforkunotkun minnkaði lítillega eða um 3% milli ára en áætlanir gera þó ráð fyrir talsverði aukningu í raforkunotkun á næstu árum vegna hleðslu rafbíla félagsins.



Orkunotkun	Einingar	2020	2021	2022	2023	2024
Jarðefnaeldsneyti	kWst	352.732	455.592	1.165.873	955.907	723.894
Rafmagn	kWst	1.159.627	985.330	1.019.941	1.305.063	1.265.751
- Þar af hleðsla rafbíla	kWst	6.285	59.187	97.258	252.357	220.829
Heitt vatn	kWst	5.154.750	5.180.444	5.956.542	4.443.032	4.855.760
Heildarnotkun	kWst	6.667.109	6.621.366	8.142.356	6.703.997	6.845.405

## Orkukræfni

Orkukræfni veitir upplýsingar um orkunotkun Hölds miðað við tekjur, fjölda starfsmanna og fjölda ökutækja í flota félagsins og í töflunni hér að neðan má sjá að orkukræfni jókst lítillega milli ára.



Orkukræfni	Einingar	2020	2021	2022	2023	2024
Orkukræfni / Tekjur	kWst/m.kr.	1.197	795	610	438,66	448,79
Orkukræfni starfsmanna	kWst/fjöldi	33.005	27.589	31.317	23037,79	23523,73
Orkukræfni ökutækjaflota	kWst/fjöldi	1.595	1.235	1.175	846,46	883,28

## Orkusamsetning

Orkusamsetning	Einingar	2020	2021	2022	2023	2024
Heildar orkunotkun	kWst	6.667.109	6.621.366	8.142.356	6.703.997	6.845.405
Jarðefnaeldsneyti	%	5,29%	6,88%	14,32%	14,26%	10,57%
Endurnýjanleg orka	%	94,71%	93,12%	85,68%	85,74%	89,43%
- þar af rafmagn	%	17,39%	14,88%	12,53%	19,47%	18,49%
- þar af heitt vatn	%	77,32%	78,24%	73,16%	66,27%	70,93%

## Vatnsnotkun

Talsverð vatnsnotkun er hjá félaginu, bæði til húshitunar, vatns til þrifa á bifreiðum og heitt og kalt neysluvatn. Heildar vatnsnotkun jókst um 10% milli ára en mikil sveifla var í notkun á heitu vatni árin á undan og jafnvægi aftur að komast á notkunina. Kaldavatnsmælar eru ekki til staðar í öllum fasteignum félagsins en notkun er vöktuð þar sem mælar eru fyrir hendi í dag. Heitavatnsnotkun getur sveiflast talsvert milli ára vegna veðurfars og hitastigs en fyrirtækið vaktar heitavatnsnotkun og bregst við ef notkun er óeðlileg miðað við aðstæður hverju sinni.

Vatnsnotkun	Einingar	2020	2021	2022	2023	2024
Kalt vatn	m3	5.316	3.729	6.405	4.003	5.082
Heitt vatn	m3	88.875	89.318	102.699	76.604	83.720
Samtals vatnsnotkun	m3	94.191	93.047	109.104	80.607	88.802

## Meðhöndlun úrgangs

Á starfsstöðvum Hölds þar sem félagið starfar í eigin húsnæði er úrgangi skipt í níu flokka auk spilliefna, sem eru flokkuð í sérstaka undirflokka. Fastur úrgangur er flokkaður í eftirfarandi flokka: pappír, bylgjupappa, plast, lífrænan úrgang, málma, hjólbarða, perur, raftæki og blandaðan úrgang. Spilliefni eru flokkuð sérstaklega og afhent viðurkenndum móttökuaðilum til meðhöndlunar.

Einnig er fylgst með úrgangsolíu og frárennsli frá verkstæðum og þvottastöðvum. Þetta frárennsli fer í gegnum sand- og olíugildir áður en það rennur út í fráveitukerfi sveitarfélagsins á hverjum stað.


Félagið hefur ekki yfirsýn yfir magn úrgangs sem losað er á starfsstöð sinni á Keflavíkurflugvelli, þar sem húsnæðið er sameiginlegt með öðrum aðilum. Magntölur tveggja úrgangsflokka sem fara til urðunar – grófur úrgangur frá framkvæmdum og olíumengaður úrgangur úr sand- og olíugildrum – eru mjög breytilegar milli ára.

Félagið fylgist með meðhöndlun endurvinnslufna sem losunaraðilar sækja og kynnir sér endurvinnsluferli hjá erlendum endurvinnsluaðilum á stærstu úrgangsflokkum. Úrvinnslusjóður hefur einnig veitt upplýsingar og staðfest endurvinnslu og/eða endurnýtingu.

Meðhöndlun úrgangs	Einingar	2020	2021	2022	2023	2024
Heildarmagn úrgangs	kg	338.767	313.162	388.716	474.387	377.727
Endurrunnið / endurnýtt	kg	187.612	218.472	260.546	392.066	340.727
Urðun / förgun	kg	151.155	94.690	128.170	82.321	37.094
Hlutfall endurunnins/endurnýttts úrgagns	%	55,4%	69,8%	67,0%	82,6%	90,2%
Hlutfall í förgun	%	44,6%	30,2%	33,0%	17,4%	9,8%

Úrgangsmýndun minnkaði um rúmlega 20% milli ára og í fyrsta sinn fór hlutfall úrgangs sem fer í endurvinnslu og/eða endurnýtingu yfir 90%, sem telst mjög jákvæð þróun. Á sama tíma dróst úrgangur til urðunar saman, meðal annars vegna þess að hluti úrgangs er nú brenndur til húshitunar í stað þess að vera urðaður.

Endurvinnsluhlutfall heildar úrgangs





## Mótvægisaðgerðir / Landbætur

Starfsfólk Hölds gróðursetur árlega milli 1.500 og 3.000 tré og í heildina hefur starfsfólk gróðursett yfir 35.000 trjáplöntur en fyrstu gróðursetningu félagsins má rekja aftur til ársins 1995.

Árið 2024 misfórst gróðursetning vegna óhagstæðra veðurskilyrða á norðurlandi og starfsfólk félagsins náði einungis að gróðursetja um 80 trjáplöntur. Vænt binding vegna eigin gróðursetningar er 8 tCO<sub>2</sub>í, en þar sem þessi gróðursetning er ekki vottuð af þriðja aðila er einungis um vænta bindingu að ræða.

Mótvægisaðgerðir / Landbætur	Einingar	2020	2021	2022	2023	2024
Væntar mótvægisaðgerðir með eigin skógrækt	tCO <sub>2</sub> í	167	-	305	226	8
Eru landbætur vottaðar af þriðja aðila	já/nei	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei



## Eigin notkun jarðefnaeldsneytis

Eldsneytisnotkun félagsins hefur verið umtalsverð, en á undanförunum árum hefur orðið marktækur samdráttur. Á milli árána 2023 og 2024 nam samdráttur í eigin eldsneytisnotkun 24,3% og að hluta má rekja þessa þróun til aukinnar notkun rafmagns- og tengiltvinnbíla í bílaflota félagsins. Þó ber að hafa í huga að árlegar sveiflur í eldsneytisnotkun geta verið verulegar.

Mest eldsneytisnotkun á sér stað vegna tilfærslu bifreiða milli starfsstöðva í takt við eftirspurn. Algengt er að bifreiðum sé skilað á öðrum stað en þar sem þær voru leigðar út, jafnvel í öðrum landshluta. Þetta hefur áhrif á heildarnotkun eldsneytis.

Í umhverfislegu samhengi er mikilvægt að vega saman eldsneytisnotkun og nýting bílaflotans. Félagið leggur ríka áherslu á skilvirka flotastýringu, sem stuðlar að betri nýtingu og þar með umhverfislegum og loftslagslegum ávinningi. Það er sérstaklega mikilvægt í ljósi þess að framleiðsla nýrra bifreiða hefur í för með sér verulegt kolefnisspor.

Rafmagnsbílar eru nýttir eins og kostur er í daglegum rekstri og eru hluti af markvissri stefnu félagsins í átt að sjálfbærari samgöngum.

Eigin notkun á eldsneyti	Einingar	2020	2021	2022	2023	2024
Samtals eldsneytisnotkun	Lítrar	33.892	42.395	112.773	93.144	70.552
Bensín	Lítrar	13.870	6.709	51.940	48.112	36.560
Dísilolía	Lítrar	20.022	35.686	60.833	45.032	33.992

## Félagslegir þættir - Mannauður

Höldur kappkostar að vera framúrskarandi vinnustaður þar sem umhyggja er borin fyrir sérhverjum starfsmanni. Með áherslu á jafnrétti, jafna möguleika til starfsþróunar og uppbyggilega fyrirtækjamenningu er skapaður eftirsóknarverður og samheldinn vinnustaður. Með jafnréttisáætlun sinni vill Höldur tryggja jafnrétti innan fyrirtækisins og koma í veg fyrir hvers konar mismunun. Fyrirtækið hafnar allri mismunun, t.a.m. á grundvelli kynferðis, kynþáttar, kynhneigðar, trúar, fötlunar eða efnahagslegrar stöðu og einelti, áreiti eða ofbeldi er að sama skapi ekki liðið.

Mannauðs- og mannréttindastefna Hölds sem endurskoðuð var á árinu, endurspeglar þá staðreynd að starfsfólk, þekking þeirra, færni og reynsla er einn mikilvægasti auður félagsins. Áhersla er á vinnuumhverfi sem einkennist af metnaði, jákvæðni og virðingu. Lagt er upp með markvissa þjálfun og endurmenntun. Við upphaf starfs fær allt starfsfólk fræðslu þar sem lögð er áhersla á að miðla áfram grunngildum fyrirtækisins. Sérstök áhersla var á framlínubjálfun og stjórnendabjálfun líkt og undanfarin ár, auk símenntun í bílgreinum. Starfsfólk af erlendum uppruna er hvatt til að læra íslensku og fyrirtækið býður bæði upp á íslenskunám og aðgang að námsforritinu Bara tala, sem er stafænn íslenskukennari sem byggir á gervigreind og íslenskrí máltækni. Þá tryggir Höldur öllu starfsfólki aðgang að fjölbreyttu rafrænu

fræðsluefni með samningi við fræðslufyrirtækið Akademias tryggir fyrirtækið sér aðgang að fræðslu fyrir allt starfsfólk en um er að ræða rafræn námskeið bæði til að efla sig í starfi og persónulega.

Fjöldi starfsfólks stendur í stað milli ára og voru 291 starfsmenn í ráðningarsambandi í árslok, þar af 14 starfsmenn í leyfi. Höldur er fjölmeningarlegur vinnustaður en starfsfólk fyrirtækisins var af 16 þjóðernum í árslok, flestir eru Íslendingar eða 67% og því næst Pólverjar eða um 18%. Höldur starfar í karllægum geira en þó hefur hlutfall kvenna aukist hjá félaginu og í árslok voru konur 31,3% starfsmanna og karlar 68,7%. Meðalstarfsaldur hjá fyrirtækinu er 6,9 ár.

Starfsfólk	Einingar	2020	2021	2022	2023	2024
Heildarfjöldi starfsfólks	Fjöldi	202	240	260	291	291
- þar af konur	%		24%	24%	29%	31%
- þar af karlar	%		76%	76%	71%	69%
Starfsaldur	Ár		7,2	8,1	6,5	6,9
Þjóðerni	Fjöldi		9	14	17	16
- Íslendingar	%		80%	70%	66%	67%
- Pólverjar	%		10%	15%	18%	18%
- Önnur þjóðerni	%		10%	15%	16%	15%



## Félagslegir þættir - Mannauður

Höldur fékk jafnlaunavottun fyrst árið 2020 en núverandi vottun gildir fram til ársins 2028. Í samræmi við verklag eru allar athugasemdir frá starfsfólki skráðar í málaskrá jafnlaunakerfis og teknar til skoðunar.

Stefnur félagsins eru kynnt öllum starfsmönnum reglulega og t.a.m. eru mannauðs- og mannréttindastefna, vinnuverndarstefna, jafnréttisáætlun og jafnlaunastefna aðgengilegar öllu starfsfólki á innri vef Hölds. Þá hefur félagið komið upp skráðu verklagi og viðbragðsáætlun vegna eineltis, áreitni og ofbeldi auk verklags við uppljóstrun starfsmanna um lögbrot eða aðra ámælisverða háttsemi. Þetta verklag er kynnt fyrir starfsfólki og er aðgengilegt öllu starfsfólki í rekstrarhandbók á innri vef félagsins.

Starfsfólki standa til boða námsstyrkir sem og árlegur íþróttastyrkur og reglulega eru starfsmenn hvattir til hreyfingar og heilsubótar. Rík áhersla er lögð á réttindi og öryggi starfsfólks og slys og næstum því slys eru skráð í gæðakerfi af Gæða-, umhverfis- og öryggisstjóra. Heildarfjöldi áverka sem hlutfall af heildarfjölda starfsmanna var 1,7%.



## Félagslegir þættir - samfélagið

Höldur leggur áherslu á háttvísi og viðurkennda starfs,- og stjórnarhætti, réttindi og öryggi starfsfólks, fræðslu og upplýsingagjöf er varðar umferð og öryggi viðskiptavina með áherslu á erlenda ferðamenn. Þá sýnir félagið samfélagslega virkni í verki, með þátttöku í þróun og stuðning við íþróttá- og menningarstarf og stuðning við ýmis almannaheillafélög svo eitthvað sé nefnt. Auk þess er Höldur með samstarfssamninga við yfir 85 íþróttá- og æskulýðsfélög um land allt.

### Samstarfverkefni við 85 félög og 110 deildir í 35 bæjarfélögum um land allt



## Stjórnarhættir

Höldur leggur ríka áherslu á trausta stjórnarhætti og ábyrg viðskiptahætti. Á árinu samþykkti stjórn félagsins nokkrar lykilstefnur sem styðja við þessi markmið, þar á meðal stefnu gegn mútum og spillingu, skattastefnu, samkeppnisstefnu, mannauðs- og mannréttindastefnu auk siðareglna. Þessar stefnur eru hluti af markvissri vinnu félagsins til að uppfylla svokallaðar lágmarksverndarráðstafanir samkvæmt flokkunarreglugerð ESB (EU taxonomy). Þær ráðstafanir fela í sér að starfsemi fyrirtækja skuli ekki valda verulegum skaða á umhverfinu og að tryggt sé að grundvallarmannréttindi, vinnuvernd, jafnrétti og gagnsæi séu virt í allri starfsemi og virðiskeðju.

Félagið telur traust og gott orðspor grundvallaratriði í starfsemi sinni. Góðir viðskiptahættir, virðing og hlíting laga og reglugerða eru meðal þeirra grunngilda sem félagið byggir á til að viðhalda því trausti sem hefur verið byggt upp frá stofnun.

Í samræmi við lög um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka hefur Höldur sett sér stefnu og innleitt verklag sem tryggir samræmi við lagakröfur. Þá hefur félagið einnig innleitt reglugerð um persónuvernd (GDPR), og er persónuverndarstefna félagsins aðgengileg á heimasíðu þess.

Árlegt mat á birgjum og verktökum er hluti af áhættustýringu félagsins. Þar er metin staða, árangur og viðskiptahættir þeirra aðila sem veita félaginu mikilvæga þjónustu og aðföng. Við mat og val á birgjum og þjónustuaðilum er sérstaklega horft til umhverfispáttá, og áhersla lögð á ábyrg nýtingu auðlinda, lágörkun úrgangs og minnkun losunar gróðurhúsalofttegunda. Félagið vinnur að endurskoðun á birgjamatsferlinu með það að markmiði að styrkja enn frekar sjálfbærni og ábyrgð í virðiskeðjunni.

# Flokkunarreglugerð EU Taxonomy

Flokkunarreglugerð Evrópusambandsins (EU Taxonomy) tók gildi hér á landi í júní 2023 með lögum 25/2023 um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar. Flokkunarreglugerðin skilgreinir með fastsettum viðmiðum, hvaða atvinnustarfsemi uppfyllir ákveðin skilyrði til að teljast umhverfislega sjálfbær. Tilgangurinn með reglugerðinni er að auka gagnsæi og samræmi í upplýsingagjöf fyrirtækja og beina fjárfestingum og fjárstreymi í umhverfislega sjálfbæra atvinnustarfsemi, auka öryggi fjárfesta og sporna við grænþvotti. Þannig styður reglugerðin við markmið um kolefnishlutleysi og markmið ESB um kolefnishlutleysi árið 2030 (Green Deal).

Löggjöfin nær til fyrirtækja sem falla undir þá skyldu að birta skýrslu yfir ófjárhagslega þætti eða samstæðuskýrslu yfir ófjárhagsleg atriði. Höldur ehf. er þar á meðal og nær eftirfarandi upplýsingagjöf til atvinnustarfsemi Hölds ehf.

Atvinnustarfsemi er hæf (e. eligible) ef hún er skilgreind í reglugerðum ESB sem sett eru á grundvelli flokkunarreglugerðarinnar um þau tæknilegu matsviðmið sem starfsemin þarf að uppfylla til að teljast umhverfislega sjálfbær. Hæfni segir þó ekki til um það hvort tiltekin starfsemi sé sjálfbær heldur einungis að tæknileg matsviðmið séu til fyrir starfsemina þannig að hægt sé að greina hana í samræmi við kerfið.

Í flokkunarreglugerðinni eru 6 eftirfarandi umhverfismarkmið skilgreind:

- 1.** Mildun loftslagsbreytinga
- 2.** Aðlögun að loftslagsbreytinga
- 3.** Sjálfbær notkun og verndun vatns- og sjávarauðlinda
- 4.** Umskipti yfir í hringrásahagkerfið
- 5.** Mengunarvarnir og eftirlit með mengun
- 6.** Verndun og endurheimt líffræðilegrar fjölbreytni og vistkerfa

## Starfsemin þarf að uppfylla eftirfarandi viðmið til að teljast umhverfislega sjálfbær:

- Styður verulega við eitt eða fleiri af sex umhverfismarkmiðum reglugerðarinnar (Verulegt framlag).
- Skaðar ekki verulega þau fimm önnur umhverfismarkmið reglugerðarinnar (Veldur ekki umtalsverðu tjóni).
- Er stunduð í samræmi við lágmarksverndarráðstafanir reglugerðarinnar.
- Hlítir tæknilegum matsviðmiðum.

# Gjaldgengi

Höldur bar starfsemi félagsins saman við þau tæknilegu viðmið sem sett eru fram í flokkunarreglugerðinni og sú yfirferð hefur leitt í ljós að starfsemi Hölds, útleiga bifreiða, rekstur og viðhald er gjaldgeng sem verulegt framlag að einu af sex umhverfismarkmiðum reglugerðarinnar.

## Mat á verulegu framlagi Hölds

Meginstarfsemi Hölds fellur undir lið 6.5. í ESB reglugerð 2021/2039 sem ber heitið „Flutningur með mótörhjólum, fólksbifreiðum og léttum atvinnuökutækjum“

Hjá Höldi var framkvæmd greining á tæknilegum matsviðmiðum til að meta hvort starfsemin sem fellur undir lið 6.5. geti flokkast sem starfsemi sem stuðli að markmiðinu um verulegt framlag til mótvægis við loftlagsbreytingar. ESB reglugerð 2021/2039 kveður á um viðmiðanir sem falla undir Höld sem meðal annars eru:

- a) „að því er varðar farartæki í flokkum M1 og N1 sem falla báðir undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 715/2007“:
  - i. „fram til 31. desember 2025, sértæk losun koltvísýrings, eins og skilgreint er í h-lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) 2019/631, er minni en 50 g CO<sub>2</sub>/km (létt ökutæki með litla og enga losun)“
  - ii. „ frá 1. Janúar 2026, sértæk losun koltvísýrings, eins og skilgreint er í h-lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) 2019/631, er núll.“



## Að valda ekki umtalsverðu tjóni

Samkvæmt flokkunarreglugerðinni má sú starfsemi Hölds sem uppfyllir þau tæknilegu matsviðmið sem starfsemin þarf að uppfylla til að teljast umhverfislega sjálfbær starfsemi ekki vinna gegn öðrum umhverfismarkmiðum reglugerðarinnar ("Að valda ekki verulegu tjóni"(DNSH)).

Félagið hóf greiningu á bílaflota félagsins og rekstri hans gagnvart þessum lið á árinu en gagnaöflun reyndist tímafrek og aðgengi að gögnum eins og COC skýrteini bifreiða er mjög takmarkað. Þá kom í ljós vandamál gagnvart kröfum er varða hávaða frá hjólbörðum, þar sem takmörkuð skráning er á tegund og gerð hjólbarða undir hverju og einu ökutæki félagsins á hverjum tíma. Auk þess standast t.a.m. nagladekk sem notuð eru undir stóran hluta flotans yfir veturinn ekki kröfur um hjólbarða. Ákveðið var því að bíða með frekari vinnu við þennan lið á meðan leitað er betri upplýsinga og skýringa á ákveðnum þáttum.

## Lágmarksverndarráðstafanir

Höldur virðir og styður við mannréttindi og jafnrétti í allri starfsemi sinni en ein forsenda þess að starfsemi geti talist umhverfislega sjálfbær er að starfsemin uppfylli kröfur um lágmarksverndarráðstafanir sem fram koma í 18. gr. reglugerðarinnar. Þar koma fram viðmið út frá fjórum þáttum: mannréttindum, mútum og spillingu, skattamálum og samkeppnismálum.

Árið 2024 sett félagið sér stefnu gegn mútum og spillingu, skattastefnu, samkeppnisstefnu og mannauðs- og mannréttindastefnu auk siðareglna í þeim tilgangi að skýra stefnumið félagsins og uppfylla um leið lágmarks verndarráðstafnir flokkunarreglugerðarinnar. Ekki náðist að ljúka innleiðingu og fullri skráningu allra ferla á árinu og því telur félagið sig ekki uppfylla að fullu, alla þá þætti sem kröfur reglugerðarinnar kveða á um og varða lágmarksverndarráðstafanir.

## Helstu niðurstöður

Áhersla félagsins árið 2024 var að uppfylla lágmarksverndarráðstafanir reglugerðarinnar og eins og fram hefur komið er sú vinna vel á veg komin en uppfyllir þó ekki að fullu þær forsendur sem settar eru fram í flokkunar-reglugerðinni til að starfsemi Hölds flokkist sem umhverfislega sjálfbær að svo stöddu. Félagið mun leggja áherslu á að standast lágmarksverndarráðstafanir að fullu auk frekari greininga á tæknilegum viðmiðum reglugerðarinnar í víðara samhengi.

